



## 1628. stjórnarfundur

Íþróttamiðstöðin í Laugardal  
23.8.2017, kl. 11:30

### 1. Fundargerðir 1627. fundar

Samþykkt.

### 2. Styrkjareglur Reykjavíkurborgar - breytingar

Lagt fram erindi frá fjármálastjóra Reykjavíkurborgar þar sem upplýst er um breytingar á styrkjareglum. Breytingarnar fela m.a. í sér ákvæði um skil á kyngreindum gögnum í tengslum við styrkveitingar borgarinnar. Samþykkt að óska eftir frekari skýringum frá ÍTR.

### 3. Formannafundur ÍSÍ

Verður 17. nóvember nk. Formaður og framkvæmdastjóri verða fulltrúar ÍBR á fundinum.

### 4. Erindi Myndstefs vegna merkis ÍBR

Lagt fram. Einnig lögð fram drög að svarbréfi framkvæmdastjóra við erindinu og afrit af bréfi Einars Jónssonar til ÍBR frá árinu 1948. Í því síðastnefnda staðfestir listamaðurinn heimild ÍBR til að nýta mynd af stytta Ingólfs Arnarssonar að vild. Samþykkt.

### 5. Alþjóðleikar ungmenna

Lagt fram minnisblað framkvæmastjóra. Leikarnir í ár voru í Kaunas í Litháen þar sem Reykjavík átti þátttakendur í knattspyrnu (gull kvk), júdó (silfur kvk) og sundi. Leikarnir á næsta ári verða í Jerúsalem, samþykkt að hefja undirbúning þeirra. Árið 2019 verða bæði sumar (Ufa, Rússland) og vetrarleikar (Lake Placid, USA). Samningar við borgina vegna þátttöku eru til eins árs hverju sinni, hefur áhrif á undirbúning. Kannað verði hvort mögulegt er að semja til lengri tíma.

### 6. Verkefni stjórnar

Drög að lista lögð fram. Rætt nánar á næsta fundi stjórnar.

### 7. Skautahöllin

Uppslýst um stöðu mála í samningaviðræðum ÍBR og Rvk. um rekstur hússins til næstu 5 ára. Þar m.a. tekið á uppgjöri láns og þeim framkvæmdum sem eru framundan. Nýjar ísvélar eru komnar í notkun og loftþurrkunarkerfi er væntanlegt. Hilmar Björnsson hefur nú látið af störfum sem forstöðumaður hallarinnar vegna aldurs.

### 8. Reykjavíkumaraþon

Undirbúningur og framkvæmd hlaupsins í ár gekk mjög vel. Rætt um umfjöllun um áheitamál og hvort og hvernig ætti að bregðast við henni. Sjónarmið ÍBR hafi ekki náð í gegn þrátt fyrir að upplýsingum hafi verið komið á framfæri. Svava Oddný lætur nú af störfum eftir 24 ár hjá ÍBR.

### 9. Önnur mál

- Laugavegshlaupið, framkvæmd til fyrirmyndar þrátt fyrir erfiðar aðstæður.
- Tour of Reykjavík, skráning gengur vel. Framkvæmdir við Arnarhól kalla á úrlausnir.
- Upplýst um væntanlegan íbúafund Háaleitishverfis vegna framtíðar íþróttu í hverfinu.

Fundi slitið kl. 12:45.

Gígja Gunnarsdóttir, ritari.